

Nr. 080 / 15 Brettingur RE 508***Skipverji slasast á fingri***

Skipaskr.nr. 1279
Útgerð: Brim hf.
Smíðaður: Niigata, Japan, 1973
Stærð: 582 brl. 901 bt.
Mesta lengd: 57,46 m Skráð lengd: 53,28 m
Breidd: 9,50 m Dýpt: 6,50 m
Vél: Niigata 1691 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 13



Brettingur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Útdráttur úr leiðarabók
Gögn RNA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. maí 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 21. nóvember 2014 var Brettingur RE 508 á togveiðum á Grænlandsmiðum. Veður: 15 m/s og mikill sjór.

Þegar skipverjar voru að taka trollpokann inn á þilfar var einn þeirra að festa gils í stroffu, sem var utan um belginn, og þegar slaka átti törnaðist á spilinu þannig að þumalfingur klemmdist milli stroffu og gils. Siglt var með slasaða til Qaqortoq í Grænlandi.

Við rannsókn kom fram:

- að spilinu var stjórnað frá brú skipins af skipstjóra;
- að ofurtóg var inn á spilinu fyrir pokagilsinn;
- að þegar beðið var um að slaka til að losa skipverjann hafði sá sem stjórnaði spilinu ekki áttað sig á að törnast hafði á spiliu og þegar hann slakaði í þeim tilgangi að losa skipverja hífðist enn frekar í gilsinn;
- að sögn skipstjóra hafði ofurtógið á pokaspilinu flækst nokkrum sinnum áður í þessari sömu veiðiferð;
- að skipverjinn var ekki lögskráður á skipið í lögskráningarkerfinu en skipstjórinn gaf þá skýringu að skrifstofa útgerðar sæi um að lögskrá á skipið.

Nefndarálit:

Orsök slyssins er að ofurtógið törnaðist á spilinu.

Nefndin átelur að skipstjóri tryggi ekki að rétt sé lögskráð á skipið enda er slíkt á ábyrgð skipstjóra samkvæmt lögum.